# 43. fundur Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, 11. maí 2021 og hófst hann kl. 14:30.

**Fundinn sátu:**
Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Svanhildur Rós Guðmundsdóttir (SRG), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Kristrún Guðjónsdóttir (KG).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Kristrún Guðjónsdóttir sat fundinn í forföllum Jóhanns Arnar Hreiðarssonar.

**Dagskrá:**

1. **Pannavöllur - 2105050**

Erindi frá UMFT dags. 07.05.2021 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður pannavöll á steypuvellnum fyrir aftan Hópið. Jafnframt er óskað eftir því að fá að setja upp ný körfuboltaspjöld á vellinum og að færa eitt mark af íþróttavellinum á Tálknafjörssvæðið.

Kristrún Guðjónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins vegna tengsla við það.

*Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd fagnar frumkvæði UMFT í málinu og samþykkir fyrir sitt leyti að pannavöllur verði settur á steypuvöllinn fyrir aftan Hópið ásamt körfuboltaspjöldum og mark verði sett á hátíðarsvæði Tálknafjörs. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að gummíkurl verði fjarlægt af sparkvelli við Tálknafjarðarskóla og að lýsing á honum verði löguð fyrir haustið.*

*Samþykkt*

2. **Tengiliður við Fjölmenningarsetur - 2104030**

Erindi frá Fjölmenningarsetri dags. 09.04.2021 þar sem óskað eftir tengiliði frá sveitarfélaginu við Fjölmenningarsetur.

*Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd telur rétt að Tálknafjarðarhreppur skipi sérstakan tengilið við Fjölmenningarsetur. Sveitarstjóra er falið að vinna í málinu.*

*Samþykkt*

3. **Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19 - 2103091**

Minnisblað frá íþrótta- og tómstundafulltrúa dags. 04.05.2021 um heilsueflingu fullorðina.

*Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd fagnar verkefninu og samþykkir það fyrir sitt leyti.*

*Samþykkt*

**4. Vinnuskóli 2021 - 2103144**

Minnisblað frá íþrótta- og tómstundafulltrúa lagt fram þar sem gert er grein fyrir skipulagi og starfsemi Vinnuskóla 2021.

*Minnsiblað lagt fram.*

*Samþykkt*

**5. Félagsmiðstöð 2020-2021 - 2009231**

Minnisblað frá íþrótta- og tómstundafulltrúa lagt fram þar sem gert er grein fyrir starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins veturinn 2020-2021.

*Lagt fram til kynningar. Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd lýsir ánægju yfir góðri starfsemi félagsmiðstöðvar á starfsárinu sem nú er að ljúka og fagnar því að búið sé að ganga frá starfsmannamálum fyrir komandi starfsár.*

*Samþykkt*

**6. Sumar 2021 upplýsingabækklingur - 2105022**

Drög að upplýsingabæklingi fyrir sumarið 2021 sem er unnin af íþrótta- og tómstundafulltrúa var lagður fram ásamt minnsiblaði.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**7. Starfsáætlun og skóladagatal 2021-2022 - 2103051**

Starfsáætlun og skóladagatal 2021-2022 verður lagt fram til staðfestingar í samræmi við 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
Mál frá 42. fundi Fræðslu-, menningar-, íþrótta- og æskulýðsnefndar sem fór fram 08.03.2021.

*Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd staðfestir skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022.*
*Afgreiðslu starfsáætlunar er að öðru leyti frestað til fundar nefndarinnar í júní n.k.*

*Samþykkt*

**8. Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla 2021-2022. - 2105051**

Skólastjóri fór yfir stöðu mála vegna starfsmannamála í Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2021-2022. Í kynningu skólastjóra kom fram að gengið hefur verið frá mönnun í allar stöður fyrir komandi skólaár.

*Starfsmannamál rædd og þakkar Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd skólastjóra góða kynningu.*

*Samþykkt*

**9. Upplýsingargjöf skólastjóra 2021 - 2103050**

Skólastjóri mun fara yfir ýmis mál sem tengast starfsemi Tálknafjarðarskóla.

*Skólastjóra eru þakkað fyrir greinargóða yfirferð.*

*Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhrepps telur nauðsynlegt að fyrirkomulag samræmdra prófa verði endurskoðað á landsvísu enda framkvæmd*

*þeirra í skötulíki og niðurstöður gefa ekki rétta mynd af stöðu nemenda né skólastofnanna og sinna ekki lengur því hlutverki að meta framfarir nemenda.*

*Samþykkt*

**10. Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir. - 2103128**

Erindi frá Bændasamtökum Íslands dags. 16.03.2021 þar sem skorað er á sveitarfélög að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.

*Lagt fram.*

*Samþykkt*

**11. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2021 - 2104115**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28.04.2021 þar sem tilkynnt er um úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2021.

*Lagt fram.*

*Samþykkt*

**12. Skólar á grænni grein - framúrskarandi menntaverkefni í átt að aukinni sjálfbærn - 2105032**

Erindi frá Landvernd dags. 05.05.2021 þar sem vakin er athygli á verkefninu Skólar á grænni grein (Grænfánaverkefnið) sem rekið er af Landvernd hér á landi og um 200 skólar á öllum skólastigum taka þátt í.

*Lagt fram. Tálknafjarðarskóli er nú þegar þátttakandi í Grænfánaverkefninu.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.**

| | |
|---|---|
| Nancy Rut Helgadóttir (NRH) | Svanhildur Rós Guðmundsdóttir (SRG) |
| Jenný Lára Magnadóttir (JLM) | Birna F Hannesdóttir (BFH) |
| Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) | Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) |
| Kristrún Guðjónsdóttir (KG) | |